

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Veistu hver Nadia er?** Fyrsti þáttur. Nadia er pakistónsk stúlka sem býr í Noregi. Einn dag er hún á leið í skólann og þá sér hún stóran hund og fyrir bragðið verður hún of sein í skólann. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Elfa Björk Ellersdóttir. (Nordvision - Norska sjónvarpið).
- 18.15 **Freddi og félagar (8).** (Ferdi). Þýsk teiknimynd um maurinn Fredda og félagana hans. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
- 18.45 **Tákn málsfréttir.**
- 18.55 **Fagri Blakkur (1).** (Black Beauty). Breskur framhaldsmyndaflokkur í 52 þáttum. Myndin er gerð eftir sögu Önnu Sewell og fjallar um vináttu tveggja barna og hestsins Blakks sem hefur stökkið frá húsbónda sínum. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.20 **Leðurbókumaðurinn.** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
- 19.54 **Ævintýri Tinna.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.35 **Dagbók fuglanna.** (Birds for all Seasons). Fyrsti hluti. Bresk fræðslumynd í þremur hlutum um fuglalíf á jörðinni. Í fyrsta þættinum er lýst fuglalífi á Norðurpólnum og á Suður-skautslandinu. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.
- 21.30 **Taggart.** (Taggart - Dead Giveaway). Ókeypis bani - Annar hluti. Taggart lögregluforingi rannsakar óvenjulegt sakamál er fólk deyir af völdum matareitrunar. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 22.20 **Umræðupáttur á vegum Fréttastofu sjónvarps.**
- 23.00 **Ellefurfréttir og dagskrárlok.**



- 15.45 **Santa Barbara.**
- 16.30 **Kisulóður** What's New Pussy-cat? Tískublaðaútgáfandi nokkur á í stökustu vandræðum sökum mikillar kvenhylli sem hann nýtur. Vinur hans ráðleggur honum að leita til sálfræðings. En þar kaupir hann köttinn í sekknum. Aðalhlutverk: Peter O'Toole, Peter Sellers, Woody Allen, Ursula Andress og Romy Schneider.
- 18.15 **Feldur.** Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausu en fjögur hundar og ketti.
- 18.40 **Elsku Hobo.** Hobo lendir í ótrúlegum ævintýrum.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
- 20.30 **Leiðarinn.** Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
- 20.45 **Íþróttir á þriðjudegi.** Blandaður íþróttaráttur með efni úr ýmsum áttum.
- 21.40 **Hunter.** Vinsæll spennumyndaflokkur.
- 22.25 **Pólska leyndarmálið.** A Very Polish Secret. Árið 1945 var hundurinn hermanna úr þjóðvarnarlíði Pólvérja, sem barist höfðu við þjóðverja, safnað saman og þeir yfirheyðir af rússnesku herlöggreglinni.
- 23.05 **Fullt tungl af konum.** Amazon. Women on the Moon. Lauffétt gamanmynd með fjölda úrvalsleikara þar sem grín og glens eru í fyrirúmi. Tækniþrellum og gerð bandarískra sjónvarpsþátta frá fyrri árum eru gerð óþorganleg skil. Aðalhlutverk: Steve Guttenberg, Ed Begley Jr., Howard Hesseman, Rosanna Arquette, Steve Forrest, Joey Travolta, Robert Colbert, Michelle Pfeiffer, Peter Horton, Carrie Fisher og Griffin Dunne. Ekki við hæfi barna.

Rás 1
FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfreginir.** Bæn, sr. Þórhildur Ólafis flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunssári með Randver Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfreginir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litill barnatíminn** - Sagan af Sigurði kóngssyni og Ingibjörgu systur hans. Sigurgeir Hilmar Friðbjósson les úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. Seinni

- hluti. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 **Í pokahorninu.** Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum holl ráð varðandi heimilishald.
- 9.40 **Landpósturinn** - Frá Vesturlandi. Umsjón: Einar Kristjánsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.30 **Eg man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá líðnum árum.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Kynntur tónlistarmaður vikunnar: Kristinn Sigmundsson, söngvari. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti nk. föstudag.)
- 11.53 **Dagskrá.**
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn** - Hjúkrun. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan:** „Riddarinn og drekin“ eftir John Gardner. Þorsteinn Antonsson þýddi. Viðar Eggertsson les lokalestur.
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Eftirlætlisögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Sverri Ólafsson myndlistarmann, sem velur eftirlætlisögin sín. (Einnig útvarpað að faranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Glótt framan í gleymskuna.** Friðrik Rafnsson fjallar um mið-evrópskar bókmenntir. (Annar þáttur endurtekinn frá fimmtudagskvöldi.)
- 15.45 **Þingfréttir.**
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútblaðið.** Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðudegi** - Prokofiev og Sjostakovits.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjófsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir.**
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá** - Getur ást verið glæpur? Linda Magnúsdóttir ræðir um bók Thors Vilhjálmssonar, Grámosinn glóir. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30.)
- 20.00 **Litill barnatíminn** - Sagan af Sigurði kóngssyni og Ingibjörgu systur hans. Sigurgeir Hilmar Friðbjósson les úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. Seinni hluti. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Kirkjutónlist.** - Sálmerforleikur nr. 2 í h-moll eftir Cesar Franck. - „Te Deum Laudamus“ eftir Alphons Diepenbrock. - „Fantasi Triomphale“ eftir Johannes Haarklou.
- 21.00 **Kveðja að austan.** Úrval svæðisútlagsins á Austurlandi í liðinni viku. Umsjón: Haraldur Bjarnason. (Frá Egilsstöðum)
- 21.30 **Útlagsáttur.** „Lóng er dauðans leið“ eftir Elsu Fischer. Ögmundur Helgason þýddi. Erla B. Skúladóttir byrjar lesturinn.
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldins.
- 22.15 **Veðurfreginir.**
- 22.30 **Leikrit vikunnar:** „Fé og ást“ eftir Jón Ólafsson. Leikstjóri: Lárus Pálsson.
- 23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist, í þetta sinn verk eftir Hallgrím Helgason.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfssdóttir. (Endurtekinn frá föstudegi.)
- 01.00 **Veðurfreginir.** Næturútlags á samtengdum rásum til morguns.

RÁS FM 90,1

- 01.10 **Vökulögin.**
- 7.03 **Morgunútlagsáttur.** Leifur Hauksón og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
- 9.03 **Stúlkan sem bræðir ishjórtun.** Eva Ásrún kl. 9. Morgunskyppa Evu Ásrúnar Albertsdóttur - Afmælisveður kl. 10.30.
- 11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.15 **Heimslöðin.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gulladartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
- 14.05 **Míllí mála.** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fin lög. - Útkíkkið upp úr kl. 14 og Auð-

- ur Haralds talar frá Róm. - Hvað gera bændur nú?
- 16.03 **Dagskrá.**
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.00 **Hátt og snjallt.** Ensukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Sjötti þáttur endurtekinn frá fimmtudegi.
- 20.30 **Útlagsáttur ungs fólksins.** Meðal efnis munu nemendur á fjölmiðlasviði Menntaskólans við Sund fjalla um frönsku stjórnbýtinga.
- 21.30 **Hátt og snjallt.** Ensukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Sjóundi þáttur. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld kl. 20.00.)
- 22.07 **Bláur nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Einnig útvarpað að faranótt fimmtudags kl. 2.00.)
- 01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútlagsáttum til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfreginir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 - 8.30 **Svæðisútlags Norðurlands.**
- 18.03 - 19.00 **Svæðisútlags Norðurlands.**

98.9
BYLGGJAN

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalög, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er eftir á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til mála í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Ömur Valdimarsson stýrir umræðunum.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
- 24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Stjórnum kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

Stjórnun
FM 102,2 & 104

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
- 14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
- 18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakin vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
- 24.00 **Næturstjórnur.** Fréttir á Stjórnum kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

RÓT ÚTLAGS
FM 102,6 & B

- 9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið

- við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
- 14.00 **Í hreinskilni sagt.** E.
- 15.00 **KAKÓ.** Tónlistarþáttur.
- 16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
- 17.00 **Laust.**
- 17.30 **Samtök græningja.**
- 18.00 **Hanagal.** Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.
- 19.00 **Ópið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
- 20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
- 21.00 **Bamatími.**
- 21.30 **Laust.**
- 22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt** Meðal efnis. Kl. 2.00. Þrógramm. E.

UTRÁS
FM 104,8

- 12.00 **MH.**
- 14.00 **MH.**
- 16.00 **FB.**
- 18.00 **FG.**
- 20.00 **MH.**
- 22.00 **IR.**
- 24.00 **MS.**
- 02.00 **Dagskrárlok.**

ALFA
FM 102,9

- 14.00 **Orð Guðs til þin.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konrádsdóttir.
- 15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tönunum.**
- 24.00 **Dagskrárlok.**

UTRÁS
HAFNARFJÖRDUR
FM 91,7

- 18.00-19.00 **Halló Hafnarfjörður.** Halldór Arni með fréttir úr Firðinum, viðtöl og fjölbreytta tónlist.
- 20.30 **Borgarafundur um sorpböggungarstöðina.** Bein útsending frá borgarfundinum Útlags Hafnarfjarðar og Fjarðarpóstisins í Hafnarborg.

SKY
CHANNEL

- 6.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 7.05 **Denni dæmalausi.**
- 9.30 **The Lucy Show.**
- 10.00 **Poppþáttur.**
- 11.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 11.30 **Sky by Day.** Fréttaráttur.
- 12.30 **A Propem Shared.** Fræðsluþáttur.
- 13.00 **Another World.** Sápúopera.
- 14.00 **General Hospital.** Sápúopera.
- 15.00 **As the Worlds Turns.** Sápúopera.
- 16.00 **Loving.**
- 16.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **The Young Doctors.**
- 18.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
- 19.00 **Sky Star Search.** Skemmtipáttur.
- 20.00 **Sale Of The Century.**
- 20.30 **Veröld Frank Bough's.**
- 21.30 **The Last Outlaw.** Framhaldsþáttur.
- 23.30 **Jameson Tonight.**
- 00.30 **Matt Helm.**

SKY
CHANNEL
Kvílmyndir

- 17.00 **Felling in Love Again.**
- 19.00 **Silence.**
- 21.00 **A Perfect Match.**
- 0.45 **The Fly.**

EUROSPORT

- 11.30 **Bilasport.** Shell International Motor Sport.
- 12.30 **Tennis.** Monte Carlo Open.
- 13.30 **Box.**
- 16.30 **Ishokki.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.
- 17.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
- 19.00 **Eurosport - What a Week!** Litill á helstu viðburði síðastliðinnar viku.
- 20.00 **Tennis.** Monte Carlo Open.
- 22.00 **Frjálsar íþróttir.** Saga marþonshlaupsins.
- 24.00 **Ishokki.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.

Þriðjudagur 25. apríl




Hesturinn Blakkur og krakkar sem flytja í sveltina eru söguhetjurnar í nýjum framhaldsmyndaflokki fyrir börn og unglinga.

Sjónvarp kl. 18.55:
Fagri Blakkur

Nýr framhaldsmyndaflokkur fyrir börn og unglinga byrjar í dag. Söguþráðurinn er spenninn í kringum tvö börn og fallegan, svartan stóðhest. Dr. Gordon er að flytja í sveitina með Vicky og Kevin. Hann grunar ekki að börnin hans eiga eftir að lenda í ýmsum spennandi ævintýrum. Hesturinn Fagri Blakkur verður á vegi þeirra. Áður en þau geta kallað hann sinn eigin, verða þau að ganga í gegnum flókna atburðarás og ævintýri og eiga þau í höggi við hestabjofa og fleiri vonda karla. Sameiginleg barátta barnanna og hestsins verða til þess að þau tengjast sterkum böndum. Þau þjarga Blakki úr klóm hrottafengins eiganda síns og hesturinn á eftir að reynast þeim góður vinur. -ÓTT

Rás 1 kl. 21.30:
Löng er dauðans leið

- ný spennusaga í útvarpinu
Sagan gerist að mestu leyti á Íslandi. Höfundur er danska skáldkonan Else Fischer (f. 1923). Hún segist hafa komist í kynni við „eyjuna í norðri“ í gegnum föður sinn sem var landmælingamaður danska herforingjaráðsins á fyrri hluta aldarinnar. Bókin kom út árið 1973 og fékk Else viðurkenningu Poe-klúbbsins fyrir hana.
Sagan fjallar um fjóra danska einstaklinga sem öll fara til Íslands - en af ólíku tilefni. Þetta eru Birgitte Søndergaard, ung stúlka, Jörn Andersen lögræðingur, Ole Egeskor listmálari og Helene Nordberg bókaútgáfandi. Atburðir þróast á annan veg hjá Dönnunum en ætlað var. Sagan fær dulúðlegt yfirbragð þegar þau upplifa hrikalegt landslag m.a. á Norðausturlandi.
Ögmundur Helgason þýddi útvarps söguna en lesari er Erla B. Skúladóttir, leikkona. -ÓTT



Allir í röð! Skyldi einhver hafa misst eitthvað spennandi í sjóinn?

Sjónvarp kl. 20.35:
Dagbók fuglanna

BBC hefur gert þrjá þætti um fjölbreytt fuglalíf á jörðinni. Í kvöld verður fyrsti þátturinn sýndur. Í heiminum eru um 8.600 fuglategundir en rösklega 100 eru kynntar í þessum þáttum - allt frá heimskautafuglum til hitabeltistegunda.
Myndatökur eru mjög vandaðar og við fáum að kynnast misjöfnum lífsstíl en sameiginlegum tilhneigingum fugla. Fuglar eru ekki bara litríkir og söngelskir, heldur einnig vísindalega sinnaðir og lærdómsfúsir.
Fyrsti þátturinn fjallar um líf heimskautafugla. Fáar fuglategundir eru þar allan ársins hring en mörgæsrnar skemmtilegu leika barna aðalhlutverk. Þarna eru árstíðir bara tvær - sumar og vetur - því veðráttu breytist svo snögg. Á veturna kemur sólin ekki upp en á sumrin er oft bjart allan sólarhringinn. -ÓTT